

VSÓ Ráðgjöf ehf
Stefán Gunnar Thors
Borgartún 20
105 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb. _____
24 MARS 2010 10.4.3
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 24. mars 2010
Tilvísun: UST20100200162/ksj

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi vegna fyrirhugaðrar stækkunar Reykjanesvirkjunar

Við er til erindis VSÓ ráðgjöf er barst 9. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi vegna fyrirhugaðrar stækkunar Reykjanesvirkjunar. Erindinu fylgja greinargerðin Reykjanes: Orkuvinnsla, iðnaður og ferðamennska, ásamt kortum.

Fyrirhuguð stækkun jarðvarmavirkjunar HS Orku á Reykjanesi í Reykjanesbæ og Grindavíkurbæ er um 50 MWe afleiing, sem er jafn mikið og nú hefur verið virkjað. Ráðgert er að bora allt að átta vinnslu- og varaholur til öflunar orku. Bora þarf fleiri sjótökuholur því að auka þarf sjónám til kælingar. Einnig er fyrirhuguð stækkun um 30 – 50 MWe afleiingu sem á að vinna orku með bættri nýtingu jarðhitavökvans sem er til staðar, svokallaðri þækilvirkjun. Skipulagssvæðið er 605 ha.

Stækkun virkjunarinnar hefur farið í umhverfismat og var álit Skipulagsstofnunar birt þann 23.7. 2009. Í álitinu kemur fram Skipulagsstofnun telur að við leyfisveitingar þurfi að setja eftirfarandi skilyrði fyrir framkvæmdinni: HS Orka þarf að standa fyrir vöktun á áhrifum virkjunarinnar á krúu, gróður, lífríki sjávar og fjöru og hitakærar örverur, í samráði við sérfræðiaðila.

Breytingatillagan felur í sér eftirfarandi: Stöðvarhús Reykjanesvirkjunar stækkar um 2000 m², og verður 4.400 m². Lóð og byggingarreitur Lónsbrautar 1, er stækkaður til suðvesturs. Gert er ráð fyrir þækilvirkjun, sunnan stöðvarhúss, heildarstærð 2.700m². Afmörkun skiljustöðvar er breytt. Reist verða mannvirki vegna gufuháfa og lokahúsa. Teigar stækka vegna nýrra hola og vorteigum verður snúið. Borsvæði reyh17 hliðrað til austurs og skapað rými fyrir alls 4 holur. Skilgreindu sjótökusvæði hliðrað til norðausturs. 13 fyrirhuguðum borholum er bætt við innan borteiga og –svæða. Ráðgert er að bora allt að átta vinnslu- og varaholur og auk þess sjótökuholur. Lagnaleið jarðhitavökva- og gufustofnæða frá skiljustöð að stöðvarhúsi breytt. Lagnaleiðum safnæða, gufu- og sjólagna breytt. Núverandi lega háspennulína er færð inn á uppdrátt og í greinargerð. Gert er ráð fyrir nýjum vegi að nýju stöðvarhúsi þækilvirkjunar. Fyrirkomulag vegslóða breytt. Tengingu Vitabrautar við Nesveg

breytt. Vegi að Gunnhver lokað. Ráðgerður er nýr Gunnhversvegur, sem er nýr aðkomu- og þjónustuvegur, og bílastæði og snúningsstæði fyrir ferðamenn. Svæði sem var með landnotkun, *skipulagi frestað* er minnkað og það svæði verður orkuvinnsla iðnaður

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við breytingartillöguna.

Umhverfisskýrsla deiliskipulagsbreytinga

Umhverfisstofnun gerir athugasemd við það að í upphafi umhverfisskýrslu deiliskipulagsbreytingarinnar kemur eftirfarandi fram og telur stofnunin reynt að gera minna úr áhrifum væntanlegra framkvæmda en ástæða er til: „*framkvæmdir vegna stækkunar virkjunarinnar munu hafa einhver neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins og ásýnd þess umfram þau sem þegar eru orðin.*” Stofnunin bendir á að í kafla um helstu niðurstöður í álitum Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar kemur fram að: „*Í ljósi verndargildis áhrifasvæðis Reykjanesvirkjunar og með hliðsjón af jarðfræðilegriserstæðni svæðisins og umfangs röskunar, eru samlegðaráhrif núverandi og fyrirhugaðra framkvæmda verulega neikvæð, með tilliti til landslags, nútímahrauna og verndargildis.*” Að mati Umhverfisstofnunar er hér um að ræða deiliskipulag vegna framkvæmda sem hafa veruleg neikvæð umhverfisáhrif, og tekin hefur verið upplýst ákvörðun um það að fara í framkvæmdina þrátt fyrir neikvæðu áhrifin.


Iðnaður


Í kafla um iðnað í umhverfisskýrslu kemur fram að á iðnaðarsvæði að Vitabraut 3, sem deiliskipulagstillagan nær yfir er starfrækt haus- og beinþurrkunarfyrirtæki. Einnig er á iðnaðarsvæði innan deiliskipulagstillögunnar saltvinnslufyrirtæki sem sem ekki hefur verið í rekstri um nokkurn tíma. Umhverfisstofnun telur að um leið og bent er á verndargildi svæðisins og HS Orka er hvött til að raska náttúruminum eins lítið og kostur er, og allt svæðið sem deiliskipulagstillagan nær til er á náttúruminjskrá, þá sé mikilvægt fyrir sveitarfélagið að sjá til þess að hreinsað sé til á ofangreindum iðnaðarlóðum þar sem yfirgefnar framkvæmdir auka á neikvæð heildaráhrif framkvæmda á svæðinu.

Verndarsvæði

Eins og fram kemur í umhverfisskýrslu er allt deiliskipulagssvæðið innan svæðis á náttúruminjasrá. Svæðið er nr. 106 og er *Reykjanes, Eldvörp og hafnir, Grindavík, Reykjanesbæ, Gullbringusýslu*. Í náttúruminjasránni kemur fram að á svæðinu er stórbrotin jarðfræði, og eru gígaraðirnir Eldvörp og Stampar nefnd sem dæmi. Í umhverfisskýrslu kemur fram að jarðfræðileg stök innan skipulagssvæðisins eru undir hverfisvernd, m.a. Gunnhver, Sýrfellsdrög, Sýrfell, Stampar (innan skipulagssvæðis), Miðahóll og Langihryggur, og að forðast skuli að raska þeim. Umhverfisstofnun bendir á að gert er ráð fyrir borteigum afar nálægt Sýrhól og Miðfelli, og borteigur með mörgum holum er áætlaður alveg við Gunnhver. Umhverfisstofnun bendir á að viðhafa þarf vönduð vinnubrögð svo nálægt náttúruminum, svo þeim verði ekki raskað.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Ólafur A. Jónsson
deildarstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun, Reykjanesbær